

**Nd.**

**412. Breytingartillaga**

[151. mál]

við frv. til laga um listamannalaun.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 2. gr. 3. málsg. orðist svo:

Nefndarmenn gera tillögur um listamenn þá, er þeir álita, að til greina komi, og hafa samráð við aðildarfélag Bandalags íslenskra listamanna, svo sem segir í 3. gr., áður en endanlega er gengið frá tillögunum. Þegar tillögur eru fram komnar, skulu gerðir kjörseðlar með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um í hverri grein lista, að hljóta skuli hærri launin. Skal kosið samkvæmt stigakerfi, sem menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um, þannig að hver nefndarmaður merkir með tölustöfum 1, 2, 3 o. s. frv. við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðilinn og ákveðið var að hljóta skyldu hærri launin. Reiknast þeim listamanni, er merkt er við með tölunni 1, hæst stigatala, en síðan fer stigatalan lækkandi hlutfallslega samkvæmt reglum ráðuneytisins. Skulu þeir listamenn hljóta launin, er hæsta fá stigatölu samanlagða. Kjörseðill er ógildur, ef merkt er við fleiri eða færri nöfn en ákveðið var.